



Alþýðusamband Íslands

Ályktun ársfundar ASÍ 2009 um atvinnumál

Öflugt atvinnulíf á sjálfbærum grunni

Íslenskt samfélag býr nú við djúpa kreppu í efnahags- og atvinnumálum. Atvinnuleysi mælist yfir 7% og þeim einstaklingum fjölgar stöðugt sem glíma við langtímaatvinnuleysi. Fjölmargar atvinnugreinar ganga í gegnum samdrátt og hrun hefur orðið í bygginga- og mannvirkjagerð og tengdum greinum. Verði ekki gripið til umfangsmikilla aðgerða er því spáð að ástandið muni enn versna á næstu mánuðum og að langur tími líða áður en íslenskt atvinnulíf nær að reisa sig við að nýju. Það er óásættanleg framtíðarsýn.

Alþýðusamband Íslands kallar eftir *bráðaáðgerðum* sem taka með afgerandi hætti á þeim tímabundna vanda sem við stöndum frammi fyrir núna – og sem jafnframt taka mið af langtímastefnumótun í atvinnumálum um *öflugt atvinnulíf á sjálfbærum grunni*.

Framtíðarhorfur fyrir íslenskt atvinnulíf eru um margt ágætar. Ef við nýtum möguleika og kosti sem liggja í verðmætum náttúruauðlindum og mannauðinum eru tækifærin nánast óþrjótandi.

Styrkleikar okkar liggja jafnframt í norræna vinnumarkaðsmódelinu sem við höfum byggt upp hér á landi, samstarfi milli aðila vinnumarkaðarins og samráði við stjórnvöld og margvíslegum réttindum sem þróuð hafa verið á vinnumarkaðnum.

Bráðaáðgerðir í atvinnumálum

Markmiðið með Stöðugleikasáttmálanum í júní sl. var að skapa skilyrði fyrir jafnvægi og stöðugleika í íslensku efnahags- og atvinnulífi, auknum fjárfestingum innlendra sem erlendra aðila, hagvexti, nýrri sókn í atvinnumálum um leið og lagður er grunnur að bættum lífskjörum til framtíðar.

Alþýðusambandið leggur áherslu á að greitt verði fyrir því að nú þegar megi hefja framkvæmdir, einkum í bygginga- og mannvirkjagreinum til að mæta sérstaklega miklum samdrætti í þeim geira. Benda má á fjölmörg verkefni sem ráðast mætti í á

næstu mánuðum og misserum af hálfu stjórnvalda og með aðkomu erlendra og innlendra fjárfesta, einkum lífeyrissjóðanna. Viðhaldsverkefni vegna opinberra bygginga um land allt, vegabætur, samgöngumiðstöð, bygging hjúkrunarheimila og nýr Landspítali eru verkefni sem taka má ákvörðun um og hefja vinnu við strax.

Með Stöðugleikasáttmálanum skuldbundu stjórnvöld sig til að greiða götu þegar ákveðinna stórfamkvæmda s.s. álveranna í Straumsvík og í Helguvík. Með aðgerðum sínum á síðustu vikum hafa stjórnvöld hins vegar sett þessar framkvæmdir í uppnám. Slík framganga er óþolandi og er þess krafist að þau standi nú þegar við sitt.

Til að afla þeirrar orku, sem til þarf verður nú þegar að ráðast í Búðarhálsvirkjun og virkjanir í neðri hluta Þjórsár auk þeirra gufuaflsvirkjana, sem fyrirhugaðar eru á Hellisheiði og Reykjanesskaga.

Fjölmargir aðrir álitlegir kostir eru nú til skoðunar sem skotið geta fleiri stoðum undir atvinnulífið til lengri tíma litið. Iðnaður og þjónustugreinar sem ekki kalla á stór orkuver s.s. gagnaver, sólarkísil-, koltrefja- og pappírsverksmiðjur. Þá má nefna skipasmíðaiðnað, einkarekin sjúkrahús og heilsutengda ferðaþjónustu fyrir útlendinga.

Leggja verður áherslu á að þær framkvæmdir og sú uppbygging sem ákveðið verður að ráðast í á næstunni séu metnar heildstætt þannig að þær skapi atvinnu strax og verði síðan í eðlilegri samfellu, en stuðli ekki að ofpenslu að einhverjum árum liðnum. Þá er mikilvægt að aðgerðir í atvinnumálum og uppbygging skili sér til landsins alls. Varast ber undirboð, kennitölulflakk og svarta atvinnustarfsemi. Ábyrgð ríkis og sveitarfélaga í þeim efnium er mikil.

Ákvarðanir varðandi atvinnuuppbyggingu nú verða að taka eins og kostur er mið af langtímastefnumótun í atvinnumálum. Þannig eru þekktar orkulindir, sem sátt getur orðið um að nýta, ekki ótakmarkaðar.

Mikilvægt er að samhliða nýjungum og nýsköpun í atvinnulífinu verði hlúð að því atvinnulífi sem fyrir er. Auka þarf nýtingu og neyslu á íslenskri iðnaðar- og matvælaframleiðslu til að efla innlent atvinnulíf og spara dýrmætan gjaldeyri. Það gildir um einstaklinga og fyrirtæki, ríki og sveitarfélög.

Um leið og skotið er traustari stoðum undir íslenskt atvinnulíf til að vinna okkur út úr kreppunni er mikilvægt að efla virkar vinnumarkaðsaðgerðir og menntunarúrræði. Þetta á sérstaklega við um þann hóp sem farið hefur verst út úr samdrættinum á vinnumarkaði, ungt fólk, launafólki með litla formlega menntun og þá sem þurfa á endurmenntun og umskólun að halda vegna breytinga í atvinnulífinu. Þar gegnir verkalyðshreyfingin og samstarf aðila vinnumarkaðarins lykilhlutverki. Það er krafa Alþýðusambandsins að stéttafélögin og aðilar vinnumarkaðarins taki í ríkara mæli að sér framkvæmd atvinnuleysistrygginga og

virkra vinnumarkaðsaðgerða líkt og gert hefur verið með góðum árangri í menntun á vinnumarkaði og nú síðast í starfsendurhæfingu.

Öflugt atvinnulíf á sjálfbærum grunni

Ísland býr yfir miklum framtíðarmöguleikum og verðmætum við atvinnuuppbyggingu sem grundvallast á sjálfbærri nýtingu auðlinda okkar; afurða til lands og sjávar, hreinnar orku og náttúrunnar. Sama gildir um þann mannauð sem í þjóðinni býr.

Með því að leggja áherslu á framangreinda þætti getum við byggt upp öflugt atvinnulíf til framtíðar á sjálfbærum grunni. Um leið erum við að bregðast með ábyrgum hætti við þeim ógnum sem steðja að náttúrunni og lífríkinu, hér á landi og hnattrænt m.a. vegna loftslagsbreytinga. Ísland hefur möguleika á að verða grænt hagkerfi sem byggir á grænum störfum.

Framtíðarsýn okkar í atvinnumálum byggð á grænum gildum verður að hvíla á traustum grunni. Þar skipta eftirtaldir þættir miklu:

- Styrkja verður grunngerð samfélagsins; samgöngur, upplýsingaveitur og flutningskerfi raforku til að tryggja hagkvæma nýtingu hennar.
- Verð á orku á eftir að hækka umtalsvert á næstu árum og eftirspurn eftir endurnýjanlegri raforku margfaldast. Þrýstingur á aukna virkjun bæði fallvatna og jarðvarma mun aukast. Það er því mikilvægt að mótuð verði markviss stefna í auðlinda- og umhverfismálum, á sjálfbærum grunni. Þannig má skapa skilyrði til að íslenskt samfélag verði á næstu áratugum að mestu sjálfbært á sviði orkunýtingar með því að skipta út jarðefnaeldsneyti fyrir hreina orkugjafa.
- Laða þarf fram meira samstarf á sviði rannsókna og tækniþróunar þvert á fræða- og fagsvið svo og yfir landamæri. Horfa þarf meira til skapandi greina s.s. á sviði lista, hönnunar og margmiðlunar.
- Auka verður fjárfestingar í framleiðslutækni sem leiðir til minnkunar á losun gróðurhúsalofttegunda. Fyrir liggur að áhugi og vilji á alþjóðavísu til að fjárfesta í græna geiranum fer ört vaxandi. Ef rétt er að málum staðið mun þetta leiða til nýsköpunar á mörgum sviðum. Tækifærin eru nánast óþrjótandi s.s. í orkuiðnaði, efna- og lífefnaiðnaði og endurvinnslu.
- Nýta verður möguleika sem hefðbundnar greinar íslensks atvinnulífs, sjávarútvegur og landbúnaður þ.m.t. garðyrkja og fullvinnslu afurða, eiga til að sækja fram á erlendum markaði á grundvelli hreinnar framleiðslutækni og grænna gilda. Sama gildir um ferðaþjónustuna sem býður upp á fjölbreytta þróunarmöguleika.

- Mikilvægt er að atvinnuuppbygging til framtíðar taki mið af þeim margbreytilegu kostum sem er að finna um land allt. Þar sem styrkleikar og möguleikar hvers svæðis og sköpunarkraftur íbúanna eru virkjaðir.
- Uppbygging atvinnulífs á sjálfbærum grunni og aðgerðir til að sporna við loftslagsbreytingum þýða margháttáðar breytingar í atvinnulífinu. Störf munu tapast en í staðinn munu skapast fjölbreytt og áhugaverð störf á fjölmörgum sviðum. Setja verður fram skýra áætlun sem miðar að því að aðstoða fólk við að takast á við þessar breytingar með jákvæðum hætti. Aðlaga þarf menntakerfið að nýrri atvinnustefnu og skapa þannig ungu fólki tækifæri til að taka öflugan þátt í uppbyggingunni sem framundan er. Um leið þarf að vinna markvisst að því að skapa tækifæri og hvata til menntunar og endurmenntunar fyrir fólk á vinnumarkaði þannig að það geti nýtt þau nýju tækifæri sem bjóðast. Mikilvægur liður í þessu er áætlunin um að eigi fleiri en 10% fólks á vinnumarkaði verði án viðurkenndrar starfs- eða framhaldsskólamenntunar árið 2020.
- Við þær aðstæður sem nú ríkja í samfélaginu er afar mikilvægt að skapa ungu fólki trúverðug tækifæri í samræmi við menntun þess og framtíðarsýn sem eykur tiltrú og vilja til áframhaldandi búsetu á Íslandi. Markmiðið er að atvinnustarfsemin skapi góð störf á traustum grunni, atvinnu og hagsæld, og geti staðið undir öflugum velferðarsamfélagi að norrænni fyrirmynd.

Endurreisnin, atvinnulífið og samfélagsleg ábyrgð

Mikilvægt er að settar verði skýrari reglur um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja og stjórnenda þeirra, þar sem áhersla verði lögð á siðferði og ábyrgð. Þetta gildir:

- Um endurreisn atvinnulífsins sem nú stendur yfir, þar sem áhersla þarf að vera á gagnsæi og traust á því sem þar er gert.
- Til framtíðar, þannig að samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja verði eðlilegur þáttur í allri umfjöllun og ákvarðanatöku í atvinnulífinu.

Við gerð Stöðugleikasáttmálans var orðið við kröfu Alþýðusambandsins um að stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins mótuðu sameiginleg viðmið um endurreisn atvinnulífsins og aðkomu opinberra aðila. Nú þegar endurreisnarstarfið er hafið er áriðandi að þessari vinnu verði flýtt eins og kostur er. Jafnframt er mikilvægt að kallaðir verði til innlendir og erlendir sérfræðingar á þessu sviði því að nýta þarf reynslu og þekkingu annarra þjóða. Á því mun trúverðugleiki endurreisnarinnar hvíla, enda bendir margt til þess að nú sé reynt að byggja á sömu forsendum og fyrir hrun –sama siðleysinu, sömu græðginni, sömu bónusunum og sama eignarhaldsfélaga feluleiknum. Um það verður aldrei nein sátt.

Til framtíðar gerum við kröfur um nýtt siðferðismat í stjórnun fyrirtækja, þar sem saman fari skilvirk löggjöf og víðtæk samfélagsleg ábyrgð þeirra. Samhliða verði skerpt á hlutverki og heimildum eftirlitsaðila. Krafan er að fyrirtæki fylgi skráðri og viðurkenndri fjárfestingastefnu sem byggir á samfélagslegri ábyrgð; lífeyrissjóðir jafnt sem aðrir. Krafa okkar er að settar verði skýrar reglur um ábyrgð fyrirtækja og opinberra aðila gagnvart því samfélagi sem þau starfa í og náttúrunni. Þannig er krafan um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja í beinu samhengi við sýn okkar á atvinnustefnuna til framtíðar.

Jafnframt áréttar Alþýðusambandið þá kröfu sína að fram fari vandað og fordómalaust uppgjör á aðdraganda hrunsins, þar sem engu verði skotið undan og engum hlíft, hvorki einstaklingum né stofnunum sem hlut áttu að máli. Á því mun sáttin um framhaldið hvíla.